



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 15. nóvember 2016
1604025 SPH/hs

Efni: Sorphirða á Akranesi og í Borgarbyggð - útboð

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs Akraness, sem haldinn var þann 14. nóvember s.l., var fjallað um útboð í Sorphirðu á Akranesi og Borgarbyggð.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögur:

Lagt er til við bæjarstjórn að samið verði um tímabundna framlengingu á samningi Íslenska gámafélagsins og Akraneskaupstaðar í samræmi við framlagðan viðauka á meðan nýtt útboðsferli fer fram.

Samþykkt samhljóða.

Vegna kröfu Íslenska gámafélagsins um að Akraneskaupstaður afturkalli ákvörðun sína, um að hafna öllum tilboðum í útboðinu, telur ráðið, með vísan til fyrirliggjandi gagna, að ekkert hafa komið fram í málinu sem réttlæti endurupptöku ákvörðunarinnar sem byggði á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum sbr. umfjöllun í bréfi Akraneskaupstaðar frá 11. nóvember sl. til Íslenska gámafélagsins.

Samþykkt samhljóða.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs